

Herða á refsingar fyrir slæmt hátterni

VIÐSKIPTI INNLENT | 04:00 | 26. MAÍ 2010



Sumir stjórnarmenn eiga að búa yfir sérfræðipækkingu á áhættutengdum þáttum í rekstri, að mati bresks sérfræðings. Fréttablaðið/GVA

Setja á stjórnnum fyrirtækja strangar reglur og þeim verður að fylgja af hörku. Þetta segir Chris Pierce, forstjóri breska fyrirtækisins Global Governance Service. Hann var frummælandi á hádegisfundi í gær um stjórnar-hætti hjá fyrirtækjum á vegum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins, Kauphallarinnar og Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands.

Pierce benti á að tekið hafi verið af hörku á svokölluðum hvítflibba-glæpum upp á síðkastið; hinn bandaríski Bernard Maddoff var fyrir tæpu ári dæmdur í 150 ára fangelsi fyrir umfangsmikil og gróf fjármálasvik og Huang Guanyu, ríkasti maður Kína í hittiðfyrra, hlaut fjórtán ára dóm fyrir mútur og innherjasvik í síðustu viku.

Pierce sagði mikilvægt að stjórnarformaður fyrirtækis helgi sig stjórnarstarfinu og því geti hann ekki setið í mörgum stjórnnum á sama tíma. Til viðbótar eigi að kalla til óháða eftirlitsaðila sem auga hafi með stjórnnum fyrirtækja. Við það ættu stjórnarhættir að batna, að hans mati. Pierce hefur unnið að málum sem þessu tengjast í Portúgal, Grikklandi og Spáni, löndum sem öll standa á haus í fjármálakreppunni. Hann sagði stöðu stjórnarháttu bágborna innan ESB-ríkjanna og vitnaði til þess að aðeins tæp fimmtán prósent fyrirtækja á Spáni birti nöfn stjórnarmanna í ársuppgjöri. „Þetta er hræðilegt,“ sagði hann .

Brasilumenn eru langt komnir í stuðningi við góða stjórnarhætti, hafa sett á laggirnar nýjan hlutabréfamarkað eingöngu fyrir fyrirtæki sem tekið hafi upp viðurkennda og góða stjórnarhætti. „Það er gríðarlegur munur á fyrirtækjum sem ástunda góða starfshætti og hinum sem ekki gera það,“ sagði Pierce og benti á að gengi hlutabréfa í fyrrnefndu fyrirtækjunum væri tugum prósentum hærra en hinna.

jonab@frettabladid.is

